

# LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 8. apríl 2022.

Mál nr. 376/2021:

**A**

(Guðbrandur Jóhannesson lögmaður)

**gegn**

**B,**

**C og**

(Eva B. Helgadóttir lögmaður)

**D**

(Stefán A. Svensson lögmaður)

## **Lykilorð**

*Persónuvernd. Persónuupplýsingar. Fjölmiðill. Friðhelgi einkalífs. Tjáningarfrelsi. Stjórnarskrá. Mannréttindasáttmáli Evrópu. Málsástæða. Vanreifun.*

## **Útdráttur**

A höfðaði mál gegn B, C og D til heimtu miskabóta vegna birtingar sjónvarpsþáttar sem B og C framleiddu og sýndur var hjá fjölmiðlinum D. Laut ágreiningur málsins meðal annars að því hvort A hefði gefið skýrt og ótvírætt samþykki fyrir birtingu viðtala við hana. Í dómi Landsréttar kom fram að stór hluti þeirra upplýsinga sem fram komu í þættinum teldist til viðkvæmra persónuupplýsinga. Lagt var til grundvallar að A hefði í upphafi samþykkt að veita viðtöl til birtingar í þættinum en hún hefði síðar afturkallað samþykki sitt fyrir þátttöku í þættinum með tölvupósti til B. Hefði því ekki legið fyrir skýrt og ótvírætt samþykki hennar fyrir þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem í gerð og birtingu þáttarins fólst. Með því að birta viðkvæmar persónuupplýsingar um A án samþykkis hennar hefði B gerst sekur um ólögmeita meingerð gegn friði hennar og persónu. Bæri hann því skaðabótaábyrgð á miskatjóni hennar, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og a-lið 1. mgr. 50. gr. laga nr. 38/2011 um fjölmiðla. Var B gert að greiða 800.000 krónur í miskabætur. Til þess var vísað að B hefði einn haft vitneskju um fyrrgreindan tölvupóst A og var C þegar af þeirri ástæðu sýknaður af kröfu A. Að fenginni þeirri niðurstöðu að B bæri fébótaábyrgð á birtingu þáttarins á grundvelli síðastgreinds lagaákvæðis yrði ábyrgð vegna birtingar hans ekki felld á D á grundvelli a- til c-liða 1. mgr. 50. gr. laga nr. 38/2011. Þá þótti sú málsástæða of seint fram komin, sbr. 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að D bæri ábyrgð á birtingu þáttarins á grundvelli 2. mgr. 50. gr. laga nr. 38/2011, enda hefði hún verið fyrst höfð uppi við málflutning í Landsrétti. D var því sýknaður af kröfu A vegna birtingar þáttarins. Loks var bótakröfu A vegna birtingar auglýsinga og kynningarefnis um þáttinn vísað frá héraðsdómi vegna vanreifunar, sbr. e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.

## Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Jóhannes Sigurðsson, Oddný Mjöll Arnardóttir og Ragnheiður Bragadóttir.

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 7. júní 2021. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 12. maí 2021 í málinu nr. E-[...]/2020.
- 2 Áfrýjandi krefst þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig að kröfur hennar fyrir héraðsdómi verði teknar til greina um að stefndu verði dæmd til að greiða henni óskipt 4.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 4. mars 2018 til 11. október 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.
- 3 Stefndu, B og C, krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms auk málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti, verði fallist á kröfur þeirra, en að málskostnaður verði að öðrum kosti felldur niður.
- 4 Stefndi, D, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms auk málskostnaðar.

### Niðurstaða

- 5 Atvikum málsins og helstu málsástæðum aðila í héraði er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi.
- 6 Áfrýjandi hefur aukið við vaxtakröfu sína frá stefnu málsins en í héraði var krafist vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 11. mars 2018. Með vísan til 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála kemst sú breyting á kröfugerð ekki að fyrir Landsrétti.
- 7 Óumdeilt er í málinu að stefndu B og C hafi tekið þrjú viðtöl við áfrýjanda fyrir sjónvarpsþáttaröðina [...]. Aftur á móti er deilt um röð viðtalanna, hvort fyrsta viðtalið hafi verið tekið 14. eða 15. ágúst 2017 og hvort öll viðtölin hafi verið tekin sama dag. Þá er óumdeilt að áfrýjandi hafi veitt samþykki fyrir tveimur framangreindra viðtala sem tekin voru annars vegar á [...] og hins vegar á heimili móður hennar. Hún byggir aftur á móti á því að samþykki hennar hafi verið skilyrt við að hún fengi að sjá efnið sem úr viðtölunum yrði unnið áður en það yrði birt. Þá kveðst hún alls ekki hafa samþykkt að veita viðtal sem tekið var við lögreglustöðina á Hverfigötu. Þessu hafna stefndu.
- 8 Áfrýjandi nýtur réttar til friðhelgi einkalífs síns, sbr. 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Á hinn bóginn nýtur tjáningarfrelsi fjölmiðla og fjölmiðlamanna einnig verndar 73. gr. stjórnarskrárinnar og 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Framangreind réttindi eru útfærð í almennum

lögum sem áfrýjandi vísar til í málatilbúnaði sínum, meðal annars í þágildandi lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, lögum nr. 38/2011 um fjölmiðla og b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Í þessu sambandi athugast að samkvæmt fyrri málslið 5. gr. laga nr. 77/2000 má víkja frá ákvæðum laganna í þágu fjölmiðlunar að því marki sem það er nauðsynlegt til að samræma sjónarmið um rétt til einkalífs annars vegar og tjáningarfrelsi hins vegar. Þá segir í síðari málslið sama ákvæðis að þegar persónuupplýsingar séu einvörðungu unnar í þágu fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi gildi aðeins ákvæði 4. gr., 1. og 4. töluliðar 7. gr., 11. til 13. gr. og 24., 28., 42., og 43. gr. laganna.

- 9 Meðal fram lagðra gagna er myndupptaka af sjónvarpsþættinum sem málið varðar. Í þættinum er rætt við áfrýjanda um einkalíf hennar og persónulega stöðu á þeim tíma sem viðtölin við hana voru tekin upp. Umfjöllunarefnið beindist að stærstum hluta að fangelsisvist hennar, áfengisneyslu og heilsuhögum að öðru leyti. Telst því stór hluti þeirra upplýsinga sem fram komu í þættinum til viðkvæmra persónuupplýsinga í skilningi 8. töluliðar 2. gr. laga nr. 77/2000. Í ljósi efnistaka verður ekki talið að þátturinn hafi einvörðungu verið unninn í þágu fréttamennsku eða bókmenntalegrar eða listrænnar starfsemi. Að því gættu og að virtum þeim viðkvæmu persónuupplýsingum um einkamálefni áfrýjanda sem fram koma í þættinum er það niðurstaða dómsins að ekki verði í máli þessu vikið frá kröfum 8. og 9. gr., sbr. 7. tölulið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000 um að áfrýjandi hafi með ótvíræðum hætti þurft að samþykkja þá vinnslu persónuupplýsinga sem fólst í gerð og birtingu þess hluta þáttarins sem hana varðaði og að henni hafi jafnframt verið heimilt að afturkalla samþykki sitt.
- 10 Tölvupóstsamskiptum áfrýjanda við stefnda B 7. ágúst 2017 er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Þau gefa skýrt til kynna að hún hafi með yfirlýstum hætti og án fyrirvara samþykkt að vera viðmælandi hans í þáttaröðinni [...] þar sem meðal annars yrði fjallað um fyrstu daga hennar utan fangelsis og „lífíð og tilveruna“. Í kjölfarið veitti áfrýjandi viðtölin sem um ræðir. Verður því lagt til grundvallar að áfrýjandi hafi í upphafi samþykkt að veita öll þrjú viðtölin til birtingar í framangreindri þáttaröð. Vitnisburður foreldra hennar í héraði breytir engu þar um þar sem tengsl þeirra við hana draga úr sönnunargildi framburðar þeirra, sbr. 59. gr. laga nr. 91/1991.
- 11 Áfrýjandi byggir einnig á því að hún hafi vegna ástands síns ekki verið hæf til að veita slíkt samþykki en hún ber sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu samkvæmt almennum reglum. Ekki er annað komið fram í málinu en að áfrýjandi sé lögráða. Þá hefur hún ekki stutt framangreinda málsástæðu sína neinum gögnum. Verður henni því hafnað.
- 12 Áfrýjandi byggir loks á því að hún hafi afturkallað samþykki sitt fyrir birtingu efnis um hana í sjónvarpsþáttunum með tölvupósti til stefnda B 5. febrúar 2018. Í tölvupóstinum, sem hefur efnistítilinn „[...]“, vísar áfrýjandi til þess að fjölskylda hennar sé ósátt við að hún komi fram í þáttunum. Þá segir: „Er hægt að taka mig út úr

þessu? Hvenær átti þetta annars að koma?“ B staðfesti í héraði að honum hefði borist framangreindur tölvupóstur en kvaðst ekki hafa skilið hann þannig að í honum fælist ósk um að vera tekin úr þættinum. Þá kvaðst hann ekki muna hvort hann hefði hringt í áfrýjanda vegna hans. Stefndi C kannaðist aftur á móti ekki við framangreindan tölvupóst og kvaðst ekki hafa fengið hann. Þá kvaðst vitnið F, dagskrárstjóri hjá stefnda D, ekki hafa haft vitneskju um hann.

- 13 Í ljósi þeirra upplýsinga um einkamálefni áfrýjanda sem fram koma í framangreindum sýnvarpsþætti þurfti að liggja fyrir skýrt og ótvírætt samþykki hennar fyrir þeirri vinnslu persónuupplýsinga sem í gerð og birtingu þáttarins fólst. Þá átti áfrýjandi ótvíræðan rétt til þess að afturkalla samþykki sitt hvenær sem var og án þess að það hefði neikvæðar afleiðingar fyrir hana, sbr. 7. tölulið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000. Að þessu gættu og að virtu orðalagi framangreinds tölvupósts 5. febrúar 2018 er það niðurstaða dómsins að áfrýjandi hafi afturkallað samþykki sitt fyrir þátttöku í þættinum, enda var ljóst að tölvupóstinum fram komnum að ekki lá lengur fyrir skýrt og ótvírætt samþykki hennar. Eftir að tölvupósturinn barst til B var frekari vinnsla með persónuupplýsingar áfrýjanda því óheimil samkvæmt 8. og 9. gr., sbr. 7. tölulið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 77/2000.
- 14 Í ákvæðum 50. gr. laga nr. 38/2011 er að finna sérreglur um refsí- og bótaábyrgð á hljóð- og myndmiðlunarefni sem brýtur í bága við lög. Í a-lið 1. mgr. segir að einstaklingur sem tjái sig í eigin nafni, flytur eða miðlar efni sem hann hefur sjálfur samið eða flytur efni samið af öðrum samkvæmt eigin ákvörðun beri sjálfur á því ábyrgð sé hann heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Í b-lið er að finna reglu um ábyrgð kaupanda hljóð- og myndsendingar í viðskiptaskyni og í c-lið segir að í öðrum tilvikum sé það ábyrgðarmaður fjölmiðils sem beri ábyrgð á efni sem miðlað er. Í 51. gr. laganna er kveðið á um ábyrgð á ritefni. Í a-lið 1. mgr. þess ákvæðis segir að einstaklingur beri ábyrgð á því efni sem hann riti í eigi nafni eða merki sér með augljósum hætti sé hann heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Sé ritefni réttilega haft eftir nafngreindum einstaklingi beri sá sem það er haft eftir ábyrgð á eigin ummælum hafi hann samþykkt miðlun þeirra og sé annað hvort heimilisfastur hér á landi eða lúti íslenskri lögsögu á öðrum grundvelli. Í b- og c-lið eru síðan sambærileg ákvæði og í b- og c-lið 1. mgr. 50. gr., sem áður eru rakin. Í 2. mgr. 50. og 51. gr. laganna segir að fjölmiðlaveita beri ábyrgð á greiðslu stjórnvaldssekta, fésektu og skaðabóta sem starfsmanni hennar kunni að vera gert að greiða samkvæmt framangreindum reglum.
- 15 Í athugasemdum við ákvæði í IX. kafla frumvarps þess sem varð að lögum nr. 38/2011 kemur fram að reglum þess um ábyrgð fjölmiðla sé skipað í tvö ákvæði, annars vegar ákvæði um ábyrgð á hljóð- og myndefni og hins vegar ákvæði um ritefni. Þá greinir að reglur þessar geri að meginstefnu til ráð fyrir því að aðeins einn aðili verði gerður ábyrgur að lögum vegna tiltekins efnis fjölmiðils, þó svo að sameiginleg ábyrgð geti í tilteknum tilvikum komið til. Sé jafnframt mælt fyrir um tiltekna ábyrgðarröð þannig

að ábyrgð eins aðila leysi jafnframt hina sem aftar eru í röðinni undan ábyrgð. Tveir eða fleiri aðilar verði því einungis gerðir samábyrgir að þeir standi innan sama ábyrgðarflokks. Sé ábyrgðarkerfi þessu meðal annars ætlað að „ná með skjótum og virkum hætti til þess sem telst sekastur“. Jafnframt segir að ábyrgð á bóta- og sektargreiðslum hvíli á fjölmiðlaþjónustuveitanda í tilvikum þegar starfsmaður hans ber ábyrgð á efni samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Í athugasemdum við a-lið 1. mgr. 50. gr. frumvarpsins segir að í ákvæðinu sé kveðið á um að þeir einstaklingar sem tjái sig í eigin nafni, flytji og/eða miðli efni sem þeir sjálfir hafa samið og/eða flytji efni samið af öðrum samkvæmt eigin ákvörðun beri á því ábyrgð. Gildi það bæði um efni sem útvarpað er samtímis og það er flutt og efni þar sem útvarpað er áður gerðri upptöku.

- 16 Áfrýjandi byggir á því að á stefndu B og C beri ábyrgð á efni sem þeir framleiddu samkvæmt a-lið 1. mgr. 50. gr. laga nr. 38/2011. Í lok þáttarins sem málið varðar kemur fram að B hafi haft umsjón með þættinum og að C hafi annast kvikmyndatöku og hljóð. Þá hafi hugmyndin að þættinum verið þeirra tveggja auk þess sem þeir hafi annast dagskrárgerð og framleiðslu hans. Samkvæmt því sem að framan greinir verður þátturinn talinn hafa verið fluttur í þeirra nafni í skilningi a-liðar 1. mgr. 50. gr. laga nr. 38/2011.
- 17 Samkvæmt gögnum málsins og framburði B, C og F verður lagt til grundvallar að B hafi einn haft vitneskju um framangreindan tölvupóst þar sem áfrýjandi spurdist fyrir um það hvort hægt væri að taka hana út úr sjónvarpsþáttaröðinni [...]. Samkvæmt efni tölvupóstsins mátti B vera ljóst að ekki lægi lengur fyrir skýrt og ótvírætt samþykki áfrýjanda fyrir þátttöku í sjónvarpsþáttunum. Verður því að meta það honum til stórfellds gáleysis að hafa ekki í framhaldi af móttöku tölvupóstsins stöðvað birtingu efnis sem varðaði áfrýjanda. Aftur á móti verður birting framangreinds sjónvarpsþáttar ekki metin C til sakar og verður hann þegar af þeirri ástæðu sýknaður af bótakröfu áfrýjanda.
- 18 Með birtingu sjónvarpsþáttarins sem málið varðar voru ýmsar persónuupplýsingar um áfrýjanda gerðar opinberar en þar var sem fyrr greinir að stórum hluta um að ræða viðkvæmar persónuupplýsingar í skilningi 8. töluliðar 2. gr. laga nr. 77/2000. Með því að birta þær upplýsingar án samþykkis áfrýjanda hefur B gerst sekur um ólögmeta meingerð gegn friði hennar og persónu. Brotið er til þess fallið að valda áfrýjanda miskatjóni. Þá er meðal gagna málsins að finna vottorð sálfræðings þar sem fram kemur að áfrýjandi hafi í sjö viðtölum, á tímabilinu frá 14. maí 2019 til 25. febrúar 2020, rætt vanlíðan sína vegna birtingar þáttanna [...]. Telst áfrýjandi því hafa nægilega sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir miskatjóni vegna framangreinds. Samkvæmt því og með vísan til b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga og a-liðar 1. mgr. 50. gr. laga nr. 38/2011 ber stefndi B skaðabótaábyrgð gagnvart áfrýjanda á miskatjóni hennar.

- 19 Hvað varðar stefnda D byggir áfrýjandi á því að á þessum stefnda hafi hvílt sjálfstæð skylda til þess að afla samþykkis áfrýjanda fyrir birtingu viðtala við hana. Það hafi ekki verið gert og beri þessi stefndi því óskipta ábyrgð á birtingu sjónvarpsþáttarins með öðrum stefndu á grundvelli sakarreglunnar og 26. gr. skaðabótalaga. Einnig beri D ábyrgð samkvæmt a- til c-lið 1. mgr. 50. gr. laga nr. 38/2011 bæði á birtingu sjónvarpsþáttarins sjálfs og á því efni sem birt var í auglýsingum um hann. Í því sambandi vísar áfrýjandi einnig til þess að þessi stefndi hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 23/2013 um D, fjölmiðil í almannapágu. Þá hafi hinn 4. mars 2018 birst grein um viðtalið við áfrýjanda á vefsíðunni [...]. Þar hafi birst viðkvæmar persónuupplýsingar um áfrýjanda sem hún sjálf hafi ekki veitt auk þess sem þar sé fjallað um efni viðtalanna sem hún veitti.
- 20 Að öðru leyti en fram kemur í lögum nr. 23/2013 gilda lög nr. 38/2011 um D, þó að undanskildum 16. og 52. gr. þeirra, sbr. 18. gr. fyrrnefndu laganna. Af því leiðir að um fébóta- og refsíábyrgð á hljóð- eða myndmiðlunarefni sem D birtir fer eftir 50. gr. laga nr. 38/2011. Ekki verður fallist á það með áfrýjanda að þessi stefndi beri ábyrgð á birtingu sjónvarpsþáttarins sem málið varðar á öðrum grundvelli. Þá hefur að framan verið komist að þeirri niðurstöðu að B beri fébótaábyrgð á birtingu þáttarins á grundvelli a-liðar 1. mgr. 50. gr. laga nr. 38/2011. Að fenginni þeirri niðurstöðu verður ábyrgð vegna birtingar hans ekki felld á D á grundvelli a- til c-liða 1. mgr. 50. gr. þeirra laga, sbr. til hliðsjónar dóm Landsréttar 12. apríl 2019 í máli nr. 667/2018. Við málflutning í Landsrétti vísaði áfrýjandi einnig til 2. mgr. 50. gr. laga nr. 38/2011 um ábyrgð D á birtingu sjónvarpsþáttarins. Sú málsástæða að þessi stefndi beri á grundvelli þess lagaákvæðis ábyrgð á greiðslu bóta sem öðrum stefndu kynni að vera gert að greiða er of seint fram komin fyrir Landsrétti og kemur því ekki til álita, sbr. 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991. Verður stefndi D því sýknað af bótakröfu áfrýjanda vegna birtingar sjónvarpsþáttarins sem málið varðar.
- 21 Áfrýjandi byggir sem fyrr greinir einnig á því að D beri ábyrgð á efni sem það birti í auglýsingum um þáttinn. Engin gögn hafa verið lögð fram um slíkar auglýsingar ef frá er talin kynningargrein sem birt var á vefsíðunni [...], sem áfrýjandi byggir einnig á að varði þennan stefnda bótaábyrgð. Í afriti af kynningargreininni, sem lagt hefur verið fram í málinu, kemur fram að hún er rituð í nafni tiltekins starfsmanns D Áfrýjandi hefur ekki gert neina grein fyrir því í málalíbúnaði sínum hvernig ábyrgð á því ritefni verði felld á D á grundvelli ábyrgðarreglna laga nr. 38/2011. Í málflutningi við aðalmeðferð málsins í Landsrétti vísaði áfrýjandi þó í þessu sambandi til 2. mgr. 51. gr. laga nr. 38/2011. Sú málsástæða að D beri á grundvelli þess lagaákvæðis ábyrgð á greiðslu bóta sem öðrum kynni að vera gert að greiða er of seint fram komin fyrir Landsrétti og kemur því ekki til álita, sbr. 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991. Að öllu framangreindu virtu verður þeirri bótakröfu sem áfrýjandi beinir að D vegna birtingar auglýsinga og kynningarefnis um sjónvarpsþáttinn sem málið varðar vísað frá héraðsdómi vegna vanreifunar, sbr. e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.

- 22 Samkvæmt öllu framangreindu verður stefnda B einum gert að greiða áfrýjanda miskabætur vegna birtingar persónuupplýsinga um hana án samþykkis í þeim þætti sjónvarpsþáttaradarinnar [...] sem málið varðar. Við mat á fjárhæð bóta verður litið til þess að persónuupplýsingarnar voru að stórum hluta viðkvæmar upplýsingar um fangelsisvist áfrýjanda, áfengisnotkun hennar og heilsuhagi að öðru leyti. Þá eykur það á miska áfrýjanda að þessar upplýsingar, þar með talið myndir af henni, voru birtar á besta tíma í opinni sjónvarpsdagskrá. Hlutu þær þannig mikla útbreiðslu og voru áhrifameiri en ella. Þykja bætur hæfilega ákvarðaðar 800.000 krónur og skulu þær bera vexti í samræmi við kröfugerð áfrýjanda í héraði eins og nánar greinir í dómsorði.
- 23 Eftir þessum úrslitum og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður B gert að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti, sem ákveðst í einu lagi og rennur í ríkissjóð eins og í dómsorði greinir.
- 24 Ákvæði hins áfrýjanda dóms um gjafsóknarkostnað í héraði er staðfest.
- 25 Allur gjafsóknarkostaður áfrýjanda fyrir Landsrétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmans hennar, 1.000.000 króna.

### **Dómsorð:**

Dómkröfu áfrýjanda, A, á hendur stefnda, D, hvað varðar miskabætur vegna auglýsinga og kynningargreinar um sjónvarpsþáttinn [...] sem birtist á vefnum [...] ásamt nánar tilgreindum vöxtum er vísað frá héraðsdómi. Stefndi, D, er að öðru leyti sýkn af kröfum áfrýjanda.

Stefndi C er sýkn af kröfum áfrýjanda.

Stefndi, B, greiði áfrýjanda 800.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 11. mars 2018 til 11. október 2019, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi B greiði áfrýjanda samtals 3.000.000 króna í málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti sem renni í ríkissjóð.

Ákvæði hins áfrýjanda dóms um gjafsóknarkostnað í héraði er staðfest.

Allur gjafsóknarkostaður áfrýjanda fyrir Landsrétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflytninguþóknun lögmans hennar, Guðbrands Jóhannessonar lögmans, 1.000.000 króna.

## Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 12. maí 2021

- 1 Mál þetta, sem dómtekið var 16. apríl 2021, höfðaði A, [...], Reykjavík, með stefnu birtri 19. febrúar 2020, á hendur B, [...], Reykjavík, C, [...], Hafnarfirði, og D, [...], Reykjavík, til heimtu miskabóta, dráttarvaxta og málskostnaðar.
- 2 Stefnandi gerir þá kröfu í málinu að stefndu greiði stefnanda, óskipt (in solidum), miskabætur að fjárhæð 4.000.000 króna, með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 11. mars 2018 til 11. október 2019, en með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefndu, óskipt (in solidum), eins og ekki væri um gjafsóknarmál að ræða.
- 3 Stefndu B og C krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu, auk málskostnaðar. Stefndi D krefst sömuleiðis sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu, auk málskostnaðar.

### I

#### Málavextir

- 4 Stefnandi er [...].
- 5 Stefndu B og D voru þáttastjórnendur, upptökuaðilar og framleiðendur sjónvarpsþáttanna [...], sem sýndir voru á fjölmiðli meðstefnda D, sem telst fjölmiðlaveita í skilningi 15. töluliðar 1. mgr. 2. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011.
- 6 Að sögn stefndu var markmiðið með gerð umræddra þátta að birta án fordóma rödd þjóðfélagshóps, sem fái sjaldan eða aldrei að heyrast í fjölmiðlum, þar sem fangar eða fyrrverandi fangar fengju tækifæri til að segja sögu sína sjálfir. Fólk gæti þannig fengið að kynnast einstaklingnum sjálfum, eins og hann væri með öllum sínum kostum og göllum.
- 7 Stefnandi var einn af viðmælendum í umræddum þáttum, nánar tiltekið í þætti sem birtur var á sjónvarpsstöð stefnda D þann 4. mars 2018.
- 8 Þótt verulegur ágreiningur sé um atvik málsins, eins og síðar verður komið að, þá er upplýst að stefndu B og C þekktu til stefnanda áður en til viðtals við hana kom, þar sem hún hafði starfað sem fjölmiðlakona á árum áður. Þá er ekki ágreiningur um að stefnandi hafi hafnað því að veita stefndu viðtal er þau hittust sumarið 2017, er stefnandi sat í fangelsi.
- 9 Á hinn bóginn er ágreiningur um hvernig það kom til að stefnandi og stefndu B og C hittust næst. Stefnandi heldur því fram að stefndu hafi fengið veður af því að hún væri í haldi lögreglu þann 15. ágúst 2017 og að þeir hafi setið fyrir henni er hún losnaði þaðan. Því hafna stefndu og vísa til þess að stefndi B hafi átt í tölvupóstsamskiptum við stefnanda í byrjun ágúst 2017, sem hafi leitt til þess að stefnandi hafi samþykkt að koma í viðtal í þáttunum. Þau hafi hins vegar hist fyrir tilviljun umræddan dag fyrir utan lögreglustöðina við Hverfisgötu í Reykjavík. Ekkert viðtal hafi þó verið tekið upp í það sinn. Stefnandi og stefndi hafi farið á kaffihús og rætt málin og loks sammælt um að hittast aftur síðar þennan sama dag.
- 10 Upplýst er að stefndu B og C tóku í það minnsta þrjú viðtöl við stefnanda, auk viðtals við móður hennar. Ágreiningslaust er að eitt þessara viðtala var tekið fyrir utan lögreglustöðina við Hverfisgötu í Reykjavík, annað var tekið í [...] og hið þriðja á heimili móður stefnanda. Loks var tekið viðtal við móður stefnanda fyrir utan heimili föður stefnanda.
- 11 Ágreiningur er aftur á móti um það í hvaða röð viðtölin voru tekin upp og hversu langan tíma hafi tekið að taka viðtölin. Í stefnu er því haldið fram að öll viðtölin hafi verið tekin sama dag, þann 15. ágúst 2017, og að viðtalið fyrir utan lögreglustöðina hafi verið fyrst í röðinni, þá viðtalið á heimili móður stefnanda og loks viðtalið í [...].
- 12 Samkvæmt stefndu þá sóttu B og C stefnanda síðar sama dag og stefndi B og stefnandi hittust fyrir framan lögreglustöðina við Hverfisgötu. Í framhaldi af því hafi verið tekið upp ítarlegt viðtal við stefnanda í fjöruborðinu á [...]. Þau hafi síðan farið saman að lögreglustöðinni við Hverfisgötu, þar sem látið hafi verið líta út sem stefnandi væri nýlega laus úr haldi lögreglu, eins og hafði gerst þá fyrr um morguninn. Í framhaldi af því kveðst stefndi B hafa rætt við stefnanda, en stefndi C tekið viðtalið

- upp. Daginn eftir hafi þeir tekið viðtal við móður stefnanda fyrir utan heimili föður hennar og þriðja daginn hafi þeir svo tekið upp viðtal við stefnanda á heimili móður hennar.
- 13 Stefnandi gaf ekki skýrslu við aðalmeðferð málsins vegna veikinda. Í stefnu segir hins vegar að ekkert samráð hafi verið haft við stefnanda áður en viðtalið við lögreglustöðina var tekið upp og að hún hafi ekki gefið samþykki fyrir því fyrir fram. Í stefnu segir sömuleiðis að stefnandi hafi óskað eftir því sérstaklega er viðtölin voru tekin upp að fá að skoða efnið fyrir birtingu og ákveða í kjölfarið hvort hún samþykkti opinbera birtingu þess. Í stefnu kemur jafnframt fram að stefnandi hafi ítrekað reynt að ná símleiðis í stefnda B eftir upptökur, en stefndi hafi ekki svarað símtölum hennar. Þessu er öllu andmælt af hálfu stefndu.
  - 14 Þann 5. febrúar 2018 sendi stefnandi stefnda tölvupóst, þar sem sagði meðal annars: *Fínn þátturinn í [...]. Mamma sagði mér að það væri eitthvað notað af því sem ég sagði í þáttunum og fjölskyldan mín er fokvond út í mig fyrir að koma fram í þáttunum. Er hægt að taka mig út úr þessu? Hvenær átti þetta annars að koma?* Gögn málsins bera ekki með sér að tölvupóstinum hafi verið svarað en stefndi B hefur greint frá því að hann hljóti að hafa svarað tölvubréfinu með símtali. Tölvupóstinn virðist stefnandi hins vegar einungis hafa sent til stefnda B en ekki til annarra stefndu, sem kannast ekki við að hafa séð hann.
  - 15 Hinn 28. febrúar 2018 barst stefnda D bréf frá [...], þar sem sagði meðal annars: *Okkur langaði þess vegna að spyrja þig hvort einhver möguleiki væri á að fá að sjá viðtalið áður en það verður sýnt í sjónvarpinu [...] – bara ég og [...]. Þannig getum við undirbúið okkur betur og hjálpað [...] að vera með svör á reiðum höndum á mánudeginum á eftir. Maðurinn minn þarf líka þennan undirbúningstíma svo hann geti sem best svarað þeim spurningum sem pottþétt koma upp hjá krökkunum þegar þau horfa á þáttinn.*
  - 16 Stefndu B og C svöruðu þann 2. mars 2018 póstinum frá 28. febrúar 2018. Í svari B segir meðal annars: *Á sjónvarpsferli mínum hef ég aldrei veitt neinum aðgang að efninu fyrirfram og svo verður að vera í þetta sinn líka. Auðvitað veit ég að um viðkvæmt efni er að ræða en það er gert í fullu samkomulagi við þær mæðgur. Ég verð því miður að neita beiðni ykkar.*
  - 17 Þátturinn var að því búnu birtur í sjónvarpi á vegum stefnda D þann 4. mars 2018, þ.m.t. viðtölin þrjú við stefnanda og viðtalið við móður hennar. Sama dag birti stefndi D kynningu á þættinum á vefsvæði sínu, [...]. Óumdeilt er að hvorki stefnandi né aðrir í fjölskyldu hennar fengu að sjá umrætt efni áður en það var birt.
  - 18 Þann 11. september 2019 sendi lögmaður stefnanda hverjum og einum hinna stefndu kröfu um skaða- og miskabætur vegna ólögðrar myndbirtingar. Kröfum stefnanda var hafnað af hálfu stefnda D þann 20. september 2019, en af hálfu annarra stefndu þann 11. október 2019.

## II

### *Helstu málsástæður stefnanda*

- 19 Stefnandi byggir kröfu sína um miskabætur á 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og á sakarreglunni. Byggt er á því að háttsemi stefndu hafi verið saknæm og ólögð og að orsakatengsl séu á milli gjörða stefndu og tjóns stefnanda. Skilyrði um að tjón stefnanda sé sennileg afleiðing af háttsemi þeirra sé sömuleiðis uppfyllt hvað varði alla stefndu. Hvað aðild málsins varðar þá vísar stefnandi til 19. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.
- 20 Stefnandi kveður aðalágreiðing málsins snúast annars vegar um það hvort stefnandi hafi veitt stefndu samþykki sitt fyrir gerð og birtingu umræddra viðtala og hins vegar að því hvort stefnda D hafi verið skylt að tryggja að ótvírætt samþykki stefnanda lægi fyrir við birtingu viðtalanna í ljósi eðlis þeirra upplýsinga sem þar komu fram og viðkvæmrar stöðu stefnanda í samfélaginu.
- 21 Stefnandi kveður að hún hafi samþykkt að ræða við stefndu B og C með því skilyrði að hún fengið að skoða efnið síðar. Hún hafi hins vegar aldrei veitt samþykki sitt fyrir því að viðtölin yrðu birt opinberlega. Stefnandi byggir á því að stefndu hafi tekið myndbrot af henni fyrir utan lögreglustöðina við Hverfisgötu án hennar samþykkis, en hún hafi á þeim tíma verið fárveik líkamlega og andlega og mikið niðri fyrir eftir fangelsisvistina.

- 22 Stefnandi byggir enn fremur á því (a) að skýr vilji hennar til að draga sig út úr þáttum stefndu og (b) sú skoðun hennar að hún vildi ekki að viðtalið yrði birt opinberlega hafi endurspeglast í tölvupósti hennar til stefnda B frá 5. febrúar 2018. Þrátt fyrir skýr skilaboð stefnanda þar að lútandi hafi stefndu B og C ákveðið að birta viðtalið gegn vilja stefnanda og án hennar samþykkis. Á því beri þeir ábyrgð á grundvelli sakarreglunnar og 26. gr. skaðabótalaga.
- 23 Stefnandi byggir á því að þar sem stefndi D hafi ekki haft samband við stefnanda áður en viðtalið við hana var birt, né aflað ótvíræðs samþykkis frá henni fyrir birtingunni, þá beri stefndi óskipta ábyrgð með meðstefndu á grundvelli sakarreglunnar og 26. gr. skaðabótalaga, einkum og sér í lagi í ljósi eðlis þeirra upplýsinga sem viðtalið hafði að geyma og viðkvæmrar stöðu stefnanda í samfélaginu.
- 24 Stefnandi byggir á því að vanræksla stefndu við öflun óskilyrts og ótvíræðs samþykkis frá stefndu fyrir opinberri birtingu viðtalanna hafi brotið í bága við skráð lög og reglur, svo sem 8. tölulið b-liðar 2. gr., 9. gr. og 43. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000, 71. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, en um mjög viðkvæmar persónuupplýsingar hafi verið að ræða. Stefnandi byggir jafnframt á því að háttsemi allra stefndu brjóti í bága við 3. gr. siðareglna Blaðamannafélags Íslands.
- 25 Stefnandi byggir enn fremur á því að strangar kröfur verði að gera til stefnda D um að virða mannréttindi og vísar í því samhengi til 1. töluliðar 2. mgr. 3. gr. og 4. töluliðar 4. mgr. 3. gr. laga um D, fjölmiðil í almannabágu, nr. 23/2013. Stefnandi telur sömuleiðis að háttsemi stefnda, sem hafi innan sinna raða sérfræðinga í fjölmiðlun, brjóti gegn 1. gr. og 1. tölulið 2. mgr. 7. gr. áðurnefndra laga, svo og gegn siðareglum sem gilda um starfsemi stefnda, þ.m.t. 1., 2., 3., 4. og 5. mgr. 1. gr. og 1., 3. og 4. mgr. 2. gr. siðareglna D
- 26 Stefnandi vísar til þess að stefndu B og C séu með reyndustu mönnum á sínu sviði og að beita eigi ströngu sakarmati um störf þeirra, með hliðsjón af siðareglum Blaðamannafélags Íslands. Þá auki það á saknæmi háttsemi stefnda B að honum hafi verið það ljóst að óheimilt hefði verið að birta viðtalið við stefnanda opinberlega.
- 27 Stefnandi byggir á því að stefndu B og C beri ábyrgð á efni sem þeir hafi framleitt á grundvelli a-liðar 50. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011. Meðstefndi D beri ábyrgð á því efni sem það birti, annars vegar í auglýsingum til að kynna umæddan þátt, og hins vegar viðtölunum sjálfum, sbr. a.-c-liði 50. gr. sömu laga.
- 28 Stefnandi byggir á því að háttsemi stefndu við vinnslu og opinbera birtingu viðtala við stefnanda, án hennar samþykkis, hafi ótvírætt falið í sér ólögsmæta meingerð gegn friði, æru og persónu stefnanda, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Stefnandi telur sömuleiðis að háttsemi stefndu hafi brotið í bága við 229. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
- 29 Stefnandi kveðst hafa orðið fyrir miklu áfalli bæði þegar auglýsingar og kynningarstiklur með efni úr umræddum sjónvarpsþætti, þ.m.t. viðtölum við stefnanda, hafi tekið að birtast í janúar og febrúar 2018, svo og er viðtölin voru birt í heild sinni í mars sama ár. Stefnandi vísar til þess að hún hafi orðið landsþekkt á neikvæðan hátt, sem hafi kallað fram óæskileg og neikvæð viðbrögð annarra. Stefnandi kveðst þjást af skertri sjálfsmynd, kvíða og depurð, sem sé afleiðing af fyrrgreindri birtingu viðtala við stefnanda. Stefnandi vitnar einnig til vottorðs E sálfræðings varðandi andlegar afleiðingar háttsemi stefndu fyrir stefnanda.
- 30 Stefnandi vísar til þess að um hafi verið að ræða mjög viðkvæmar persónuupplýsingar, sbr. 8. tölulið 2. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, svo og myndbrot sem hafi sýnt stefnanda mjög veika og í sínu versta andlega og líkamlega ástandi. Þátturinn hafi verið sýndur í opinni dagskrá á besta tíma. Umfjöllun um þáttinn hafi sömuleiðis verið birt á vef stefnda D og sé þar enn að finna.

III  
Helstu málsástæður stefndu B og  
C

- 31 Stefndu byggja mál sitt á því að skilyrði bótaskyldu séu ekki fyrir hendi, hvorki að því er varðar sakarreglu skaðabótaréttarins né 26. gr. skaðabótalaga. Stefndu hafna því að stefnandi hafi ekki samþykkt viðtölin við hana, svo og því að samþykki hennar hafi verið takmarkað við upptöku viðtalanna en ekki birtingu og að birting viðtalanna hafi þannig verið háð sérstöku samþykki stefnanda. Loks er því hafnað að stefnandi hafi afturkallað samþykki sitt með tölvupósti, dags. 5. febrúar 2018.
- 32 Stefndu vitna til tölvupóstsamskipta við stefnanda þar sem stefnandi samþykkti að mæta í viðtöl við stefndu, án nokkurra skilyrða. Stefndu hafi auk þess ekki getað dulist að verið væri að taka upp viðtöl og hún hafi þekkt þættina [...], markmið þeirra og umfjöllunarefni. Viðtölin hafi verið tekin yfir nokkurra daga tímabil og stefnandi hafi þannig ítrekað samþykkt þau í verki.
- 33 Stefndu vitna sömuleiðis til þess að í tölvupósti stefnanda, dags. 5. febrúar 2018, hafi hvergi komið fram að birting væri óheimil, en slíkt hefði þurft að koma fram með skýrum og afdráttarlausum hætti. Eins hafi ekki komið fram að stefnandi væri ósátt við að hafa mætt í viðtölin. Stefndu hafi sömuleiðis borist beiðni frá aðstandendum stefnanda þar sem beiðið hafi verið um að fá að sjá umrædd viðtöl áður en þau yrðu birt. Sá póstur hefði verið orðaður með öðrum hætti ef samþykki stefnanda hefði verið áskilið fyrir birtingu viðtalanna.
- 34 Stefndu mótmæla því að stefnandi hafi ekki verið hæf til að veita samþykki sitt fyrir viðtölunum. Viðtölin hafi átt sér aðdraganda, þar sem stefndu og stefnandi hafi átt í samskiptum á löngu tímabili, en nokkrir mánuðir hafi liðið frá fyrstu kynnum þar til viðtölin hafi verið tekin upp. Stefndu hafi verið fullljóst hver tilgangurinn var með viðtölunum, þar sem aðilar höfðu rætt hann ítarlega. Samþykki sitt hafi stefnandi veitt í viðurvist móður sinnar, sem jafnframt hafi veitt samþykki fyrir því að viðtal yrði tekið upp við hana sjálfa.
- 35 Stefndu byggja á því að ef fallist yrði á málalíbúnað stefnanda í málinu myndi það leiða til þess að fjölmiðlum væri gert ókleift að fjalla um erfið málefni eða einstaklinga í erfiðum persónulegum aðstæðum, eða jafnvel að taka viðtöl við börn. Slíkar skorður á fjölmiðlamenn feli í sér takmarkanir á tjáningarfrelsi, sem standist ekki tjáningarfrelsisákvæði 73. gr. stjórnarskrárinnar.
- 36 Stefndu hafna því að hafa brotið gegn ákvæðum laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Ekki hafi verið um vinnslu persónuupplýsinga að ræða í skilningi laganna og því eigi ákvæði þeirra ekki við. Stefndu teljist því hvorki vera ábyrgðaraðilar né vinnsluáðilar í skilningi laganna. Gildissvið laganna taki fyrst og fremst til sjálfvirkrar vinnslu persónuupplýsinga að hluta eða í heild. Einstökum tilvitnunum til áður nefndra laga sé þar af leiðandi mótmælt, þ.m.t. til refsheimildar laganna. Þá er því mótmælt að tölvupóstur stefnanda frá 5. febrúar 2018 hafi falið í sér afturköllun á veittu samþykki.
- 37 Stefndu hafna því sömuleiðis að hafa brotið gegn rétti stefnanda til friðhelgi einkalífs í skilningi stjórnarskrárinnar og framangreindra laga. Stefndu hafi sjálfviljug veitt allar þær upplýsingar sem hún hafi gefið, eða móðir hennar með samþykki stefnanda. Viðtölin hefðu ekki verið tekin upp eða birt nema með fyrirfram veittu samþykki stefnanda. Slíkt samþykki hafi verið veitt, bæði skriflega og ítrekað í verki. Stefndu hafna því sömuleiðis að siðareglur Bláamannafélags Íslands hafi verið brotnar.
- 38 Stefndu andmæla því að orsakasamband geti verið á milli meintrar meingerðar í garð stefnanda og meints tjóns hennar, enda hafi engin gögn verið lögð fram því til stuðnings. Langur tími hafi liðið frá því að viðtöl við stefnanda voru birt og þar til stefna var gefin út, og það dragi úr sönnunargildi vottorðs sálfræðings í málinu. Þessi ágalli á málinu kunni að leiða til frávísunar þess, án kröfu (ex officio), a.m.k. að hluta, með vísan til g-liðar 1. mgr. 80. gr. og 1. mgr. 95. gr. laga um meðferð einkamála.
- 39 Stefndu telja fjárkröfu stefnanda úr öllu hófi og ekki í samræmi við réttarframkvæmd. Kröfu sína um lækkun bóta kveða stefndu styðjast við þau sjónarmið sem að framan voru rakin varðandi kröfu þeirra

um sýknu. Stefndu gera sömuleiðis athugasemdir við upphafstíma dráttarvaxta og telja að hann eigi að miðast við dómsuppsögu.

#### IV

##### *Helstu málsástæður stefnda D*

- 40 Stefndi andmælir málatilbúnaði stefnanda í heild sinni. Hann bendir á að meðstefndu hafi gert verksamning við stefnda þar sem þeir hafi tekið að sér dagskrárgerð og tæknivinnslu (kvikmyndatöku og klippingu) vegna umræddra sjónvarpsþátta. Meðstefndi B skyldi „skrifa handrit að og sinna umsjón og dagskrárgerð að umræddum þáttum ásamt tilheyrandi vinnslu fyrir vef [...]“.
- 41 Stefndi kveðst hvorki hafa verið vinnuveitandi meðstefndu né hafi hann haft ritstjórnarlegt vald. Meðstefndu hafi ekki verið launþegar hjá stefnda í tengslum við gerð þáttanna, heldur verktakar. Meðstefndu hafi ábyrgst gagnvart stefnda „að efni og vinnsla þáttar [væri] í samræmi við þau markmið sem [...] [hefði] sett viðkomandi þætti“. Væru atriði í þættinum „sem gætu hugsanlega valdið hneykslan, sárindum, verið ærumeiðandi eða atriði sem talist gætu utan almenns velsæmis, [bæri] þáttagerðarfólki skilyrðislaust að ráðfæra sig við dagskrárstjóra um hvort við hæfi [væri] að sýna viðkomandi atriði.“
- 42 Stefndi bendir á að fram hafi komið í lok umræddra þátta að þeir væru framleiddir af meðstefndu, sem hafi jafnframt annast dagskrárgerð. Hugmyndin að þáttaröðinni hafi hins vegar meðal annars verið komin frá dagskrárstjóra Sjónvarps hjá stefnda, F. Hann hafi þó ekki komið sérstaklega að efnistöfum einstakra þátta og ekki haft ritstjórnarlegt vald við gerð þáttanna. Efni þáttanna hafi átt erindi til almennings og meðal annars verið byggt á greinarskrifum stefnanda sjálfra um veru sína í fangelsi.
- 43 Stefndi hafnar því að hann hafi með athöfnum sínum eða athafnaleysi brotið gegn þeim lögum og reglum sem stefnandi vitni til í stefnu. Stefndi kveður að honum hafi ekki verið kunnugt um að stefnandi væri andvíg birtingu umræddra viðtala, hafi sú verið raunin. Stefndi kveðst þvert á móti hafa verið í góðri trú um hið gagnstæða. Engin samskipti stefnda og stefnanda hafi gefið tilefni til að ætla annað.
- 44 Stefndi byggir á því að löglíkur standi til þess að sá sem veitir sjónvarpsviðtal (í fyrirbyggjandi tilviki fleiri en eitt) sé samþykkur birtingu þess. Að sama skapi sé fráleitt að leggja þá skyldu á stefnda þegar svo háttar til, hvað þá að viðlagðri bótaábyrgð, að ganga úr skugga um hvort viðmælandi sé samþykkur birtingu viðtals. Minnir stefndi á, í þessu samhengi, að ásetningur eða verulegt gáleysi sé skilyrði miskabóta samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga.
- 45 Stefndi byggir á því að tilvísun til siðareglna stefnda, eða siðareglna Blaðamannafélags Íslands, eigi ekki við með hliðsjón af samningssambandi stefnda og meðstefndu. Sama eigi við um tilvísanir til réttarreglna, þ.m.t. laga og reglna um persónuvernd, laga nr. 38/2011 um fjölmiðla og eftir atvikum laga nr. 23/2013 um D, fjölmiðil í almannapágu.
- 46 Stefndi mótmælir því að hann teljist ábyrgðaraðili eða vinnsluaðili í skilningi laga nr. 77/2000 (sbr. nú lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sem tóku gildi 15. júlí 2018). Þá virðist ekki hafa verið um vinnslu persónuupplýsinga að ræða. Stefndi telur að gæta verði að 5. gr. umræddra laga í þessu sambandi. Tilvísun stefnanda til 43. gr. laganna eigi ekki við þar sem sú grein vísi til fjárhagslegs tjóns, en stefnandi krefjist bóta vegna ófjárhagslegs tjóns. Öllum tilvísunum stefnanda til laga og reglna sé þar af leiðandi mótmælt, þ.á m. til b-liðar 8. töluliðar 2. gr. laga nr. 77/2000.
- 47 Stefndi mótmælir tilvísunum til ábyrgðarreglna laga um fjölmiðla, þ.á m. sem vanreifuðum. Stefndi bendir á að ekki sé krafist ómerkingar á neinum ummælum í stefnu, auk þess sem umræddur sjónvarpsþáttur hafi verið í umsjón og á forræði meðstefndu. Þeir beri því ábyrgð á efni þáttarins eftir fyrirmælum a-liðar 1. mgr. 50. gr. laga um fjölmiðla. Af tilvitnuðu lagaákvæði leiði að sýkna beri stefnda af kröfum stefnanda, sbr. einnig orðalag 2. mgr. 50. gr. laga um fjölmiðla, enda eigi skilyrði þessarar greinar ekki við.
- 48 Stefndi tekur undir málatilbúnað meðstefndu að því er samrýmst getur hagsmunum hans og málatilbúnaði, þ.m.t. um (i) að fullnægjandi samþykki hafi legið fyrir til birtingar viðtala við

- stefnanda, (ii) að hið gagnstæða verði ekki ráðið af tölvupósti stefnanda til meðstefnda B frá 5. febrúar 2018, (iii) að stefnandi hafi áður unnið að sjónvarpsþáttagerð og haft reynslu af fjölmiðlum, (iv) að stefnanda hafi ekki getað dulist að viðtalið yrði birt og (v) ekki sett nein skilyrði um síðara samþykki. Viðtölin hafi þannig verið tekin upp með samþykki, vitund og vilja stefnanda, og samþykki aldrei verið afturkallað. Stefndi byggir á því að framangreind umfjöllun eigi einnig við, að breyttu breytanda, um kynningu á þættinum sem birtist á [...] í undanfara birtingar þáttarins.
- 49 Stefndi byggir á því að fjárhæð umkrafinna miskabóta sé, hvað sem öðru líði, úr hófi fram og ekki í samræmi við réttarframkvæmd. Orsakatengsl verknáðar og afleiðinga séu jafnframt ósönnuð. Stefndi byggir á því að stefnandi beri sönnunarbyrði um grundvöll tjóns síns. Upphafstíma dráttarvaxta er mótmælt, en stefndi telur að hann ætti í öllu falli að miðast við dómsuppsögu, fremur en fyrra tímamark. Samkvæmt stefnda er þó ekki ágreiningur um upphafstíma skaðabótavaxta miðað við forsendur málatilbúnaðar stefnanda.
- 50 Loks er á því byggt að óskipt skaðabótaábyrgð komi því aðeins til greina að því marki sem stefndu verði taldir hafa staðið saman að meintu skaðaverki í skilningi reglna um óskipta ábyrgð. Stefnandi beri sönnunarbyrði um að svo hafi verið, sem og um önnur skilyrði skaðabótaábyrgðar, en stefndi mótmælir því að slík sönnun hafi tekist.

## V

### *Niðurstöður*

- 51 Eins og áður segir ríkir verulegur ágreiningur á milli aðila um atvik málsins. Aðilar eru þó sammála um að stefnandi hafi samþykkt að veita stefndu B og C viðtöl í tengslum við gerð sjónvarpsþáttanna [...], sem sýndir voru á sjónvarpsstöð meðstefnda D vorið 2018. Aðilar eru hins vegar ósammála um það hvernig til þess kom að viðtöl voru tekin við stefnanda í umrætt sinn, hver hafi fyrst haft samband við hvern, í hvaða röð viðtölin hafi verið tekin, hvort stefnandi hafi veitt samþykki fyrir þremur viðtölum eða aðeins tveimur, svo og hvort viðtölin hafi öll verið tekin sama daginn eða ekki.
- 52 Aðila greinir sömuleiðis á um hvort gerður hafi verið fyrirvari af hálfu stefnanda um að hún hafi viljað sjá umrætt efni áður en það yrði birt, svo og hvort sérstakt samþykki hennar hafi verið skilyrði eða forsenda slíkrar birtingar. Aðila greinir enn fremur á um efnislega þýðingu tölvupósts stefnanda til stefnda B þann 5. febrúar 2018, hvort stefnandi og eftir atvikum móðir hennar hafi ítrekað reynt að ná sambandi við stefnda B eftir að upptökum lauk, hvort stefnandi og móðir hennar hafi farið fram á að fá að sjá umrætt efni áður en það var birt, hvort þær hafi reynt að fá stefndu til að hætta við birtingu efnisins og hvort stefnandi hafi í reynd bannað birtingu viðtalanna.
- 53 Þátturinn með viðtölunum við stefnanda er sömuleiðis í stefnu sagður hafa birst á sjónvarpsrás stefnda D þann 11. mars 2018, en af öðrum gögnum málsins má ráða að þátturinn var í reynd sýndur þann 4. mars 2018.
- 54 Af framansögðu má ljóst vera að ýmislegt er á huldu um eiginleg atvik málsins og lítið um gögn sem nýst geta til að sannreyna hver hafi rétt fyrir sér og hver ekki. Verulegur vafi ríkir samkvæmt því um það hvað hafi verið rætt á milli stefnanda og stefndu B og C, í tengslum við þau viðtöl sem þeir áttu við stefnanda í ágúst 2017. Engin leið er heldur til að skera úr um hvað hafi nákvæmlega verið sagt eða samþykkt, né heldur til að efast um orð eins eða neins.
- 55 Torveldar þetta augljóslega úrlausn málsins og veitir, að mati dómsins, skjalgum gögnum málsins og upptöku af umræddum sjónvarpsþætti aukið vægi. Verður því fyrst og fremst horft til þeirra gagna við úrlausn málsins, auk framburðar aðila og vitna að því marki sem unnt þykir.
- 56 Stefndu B og C gáfu aðilaskýrslur við aðalmeðferð málsins, en stefnandi ekki, vegna veikinda hennar. Vitnið F, dagskrárstjóri sjónvarps hjá stefnda D, gaf sömuleiðis skýrslu, sem og foreldrar stefnanda. Verður vikið að skýrslum þeirra eftir því sem þurfa þykir við úrlausn málsins.

## 2

- 57 Málið snýst öðrum þræði um starfsumhverfi fjölmiðla, sem gegna veigamiklu hlutverki í sérhverju lýðræðisríki. Hlutverk þeirra er ekki einskorðað við miðlun fréttu hins líðandi dags, heldur gegna þeir

mun víðtækara hlutverki, þ.á m. við mótun heimsmyndar almennings og þeirra skoðana sem einstaklingar mynda sér á þjóðfélagsmálefnum, hópum og einstaklingum. Hefur mikilvægi og sérstök staða fjölmiðla í nútímasamfélagi ítrekað verið viðurkennd í dómaframkvæmd, bæði hér á landi og fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu.

- 58 Það álítaefni er undirliggjandi í málinu hvaða kröfur skuli gerðar til fjölmiðlamanna um samþykki viðmælenda þeirra, annars vegar fyrir upptöku og hins vegar fyrir birtingu á viðtölum sem tekin hafa verið upp með samþykki viðmælendanna. Á sama hátt vaknar spurning um það hvort aðrar kröfur skuli gerðar til fjölmiðla en almennt eru gerðar þegar um viðkvæmar persónuupplýsingar er að ræða eða einstaklinga í viðkvæmri stöðu.
- 59 Leita þarf meðal annars svara við þeirri spurningu hvort í samþykki fyrir viðtali, þ.m.t. um persónulega hagi, í tengslum við tiltekinn sjónvarpsþátt eins og hér háttar til, felist jafnframt samþykki fyrir því að viðtalið verði birt opinberlega, að því gefnu að slíkt sé gert í eðlilegu samhengi við tilgang og efni viðtalsins, eða hvort leita verði sérstaklega eftir samþykki fyrir slíkri birtingu með ótvíræðum og sannanlegum hætti.
- 60 Ekki er hins vegar um það deilt að snúist þeim hugur sem upphaflega hefur veitt samþykki fyrir viðtali, þ.e. um birtingu þess, þá ber fjölmiðlum við þær aðstæður að verða við óskum viðkomandi og hætta við birtingu viðtalsins.

### 3

- 61 Eins og áður segir var það markmið sjónvarpsþátta stefndu B og C, sem sýndir voru á sjónvarpsstöð meðstefnda D, að birta án fordóma rödd þjóðfélagshóps sem sjaldan eða aldrei fær að heyrast í fjölmiðlum, þ.e. fólks með reynslu af því að sitja í fangelsi, og leyfa föngum eða fyrrverandi föngum að segja eigin sögu.
- 62 Þættirnir voru að meginstefnu til byggðir upp með viðtölum við fanga, þar sem þeir sögðu sjálfir sögu sína eða lýstu líðan sinni og hugsunum tengdum dvöl þeirra innan fangelsis. Viðtölunum við fangana fylgdu innskot stefnda B, þar sem fjallað var um hagi viðkomandi viðmælenda hverju sinni.
- 63 Stefnandi er sem fyrr segir einn þeirra einstaklinga sem fjallað var um í umræddum þáttum og reynslu höfðu af setu í fangelsi. Óumdeilt er að stefnandi gaf samþykki sitt fyrir að minnsta kosti tveim viðtölum af þremur og lýsti þar af fúsum og frjálsum vilja persónulegum högum sínum, reynslu og viðhorfum. Samhliða var tekið viðtal við móður stefnanda, sem einnig var birt í þætti stefndu, þar sem hún ræddi meðal annars um hagi stefnanda og eigin upplifun tengda þeim.

### 4

- 64 Stefndu B og C hafa greint frá því að viðtölin við stefnanda og móður hennar hafi ekki verið tekin upp á einum og sama deginum, heldur á þremur dögum. Það er hvorki í samræmi við það sem fram kemur í stefnu né framburð móður stefnanda, G, fyrir dómi.
- 65 Báru stefndu að fyrst hefði verið tekið viðtal við stefnanda í [...], svo við lögreglustöðina við Hverfisgötu og loks á heimili móður stefnanda tveimur dögum síðar. Í millitíðinni hafi verið tekið viðtal við móður stefnanda. Stefnandi heldur því hins vegar fram að fyrst hafi verið tekið viðtal við hana fyrir utan lögreglustöðina við Hverfisgötu, þá á heimili móður hennar, og loks í [...], en öll viðtölin hafi átt sér stað sama daginn.
- 66 Óumdeilt virðist að stefnandi hafi verið handtekin þann 14. ágúst 2017 í Kringlunni og verið vistuð í fangaklefa yfir nóttina. Í umræddum sjónvarpsþætti vitnar stefndi B til þess, undir myndskaiði er sýnir stefnanda á heimili móður hennar, að þeir C hafi hitt stefnanda fyrr þann sama dag og að hún hafi verið handtekin daginn áður í Kringlunni. Þannig er látið að því liggja í þættinum sjálfum að viðtalið á heimili móður stefnanda hafi verið tekið sama dag og viðtalið fyrir utan lögreglustöðina við Hverfisgötu, ólíkt því sem fram kom hjá stefndu fyrir dómi.
- 67 Á hinn bóginn er til þess að líta að klæðnaður stefnanda var hinn sami í viðtali í [...] og fyrir framan lögreglustöðina við Hverfisgötu, en annar í viðtalinu sem tekið var á heimili móður stefnanda og í myndskaiði er birt var í þættinum og sýndi stefnanda á göngu í miðborg Reykjavíkur. Þetta styður það

að viðtölin á [...] og við lögreglustöðina hafi verið tekin sama daginn, en viðtalið á heimili móður stefnanda hafi verið tekið annan dag, eins og stefndu halda fram.

- 68 Þetta leiðir einnig til þeirrar ályktunar að ólíklegt verður að telja að röð viðtalanna hafi getað verið með þeim hætti sem haldið er fram í stefnu, þ.e. að fyrst hafi verið rætt við stefnanda fyrir utan lögreglustöðina við Hverfisgötu, þá á heimili móður hennar og loks í [...]. Slíkt hefði útheimt að stefnandi skipti um föt á milli fyrsta viðtalsins og þess næsta og svo aftur á milli þess viðtals og þess síðasta, þar sem stefnandi hefði þá aftur klæðst sömu fötum og hún upphaflega var í, sem verður að telja frekar ólíklegt.

5

- 69 Stefnandi byggir mál sitt á því að hún hafi aðeins veitt samþykki fyrir því að viðtöl við hana yrðu tekin upp, en ekki að þau yrðu birt opinberlega. Afla hefði þurft sérstaks og sjálfstæðs samþykkis fyrir því, með ótvíræðum hætti, en slíkt samþykki hafi aldrei verið veitt. Þessu andmæla stefndu og telja að með því að samþykkja að veita umrædd viðtöl hafi stefnandi jafnframt samþykkt að þau yrðu birt, enda hafi hún aldrei gefið neitt annað til kynna.
- 70 Gögn málsins veita enga vísbendingu um það hvort stefnandi hafi áskilið sér rétt til að fá að sjá umrædd viðtöl áður en þau yrðu birt eða hvort það hafi verið afstaða hennar að óheimilt væri að birta umrædd viðtöl án sérstaks samþykkis af hennar hálfu. Öðrum gögnum er ekki til að dreifa um þessi atriði en staðhæfingum í stefnu, sem ekki hafa verið sannaðar við meðferð málsins fyrir dómi.
- 71 Niðurstaða málsins, hvað þessi atriði varðar, ræðst því óhjákvæmilega að nokkru leyti af því hvort rétt þyki að stefnandi beri sönnunarbyrði um staðhæfingar sínar eða ekki. Í því samhengi kemur til skoðunar hvort stefnandi skuli bera hallann af því að hafa ekki tryggt sér sönnun fyrir því að hún hafi sett það skilyrði fyrir birtingu viðtalanna í greint sinn að birtingin væri háð sérstöku og ótvíræðu samþykki hennar, eða eftir atvikum um afturköllun samþykkis hennar, eða hvort rétt þyki að stefndu verði látnir bera hallann af því að hafa ekki tryggt sér sérstakt samþykki stefnanda fyrir birtingu viðtala við hana.

6

- 72 Því hefur ekki verið andmælt af hálfu stefnanda að hún hafi haft reynslu af fjölmiðlum, þ.m.t. af framleiðslu sjónvarpsefnis, áður en hún ákvað að veita stefndu B og C umrædd viðtöl. Þá hefur því ekki verið andmælt að stefnandi hafi vitað um tilgang viðtalanna, svo og um markmið og efnistöð umræddra sjónvarpsþátta, a.m.k. í meginatriðum.
- 73 Stefnanda hlýtur að mati dómsins, í ljósi reynslu sinnar og þekkingar, svo og að virtum fyrri samskiptum við stefndu, þ.á m. tölvupóstsamskiptum, að hafa verið það ljóst að tilgangur viðtala við hana væri sá að birta viðtölin í umræddum sjónvarpsþætti, [...], enda er vandséð að tilgangur með því að taka upp viðtöl við stefnanda, í þessu samhengi, hafi getað verið annar.
- 74 Gögn málsins bera sem fyrr segir ekki með sér að stefnandi hafi sett þann fyrirvara að hún yrði að samþykkja birtingu viðtalanna sérstaklega áður en þau yrðu birt opinberlega, hvorki tölvupóstsamskipti stefnanda og stefnda B þann 7. ágúst 2017, átta dögum áður en umrædd viðtöl voru tekin upp, né önnur gögn. Gögnin styðja þvert á móti að stefnanda hafi verið það ljóst frá upphafi að tilgangur viðtalanna hafi verið að þau yrðu birt opinberlega í umræddum sjónvarpsþætti. Slíkt verður meðal annars ráðið af fyrrnefndum tölvupóstsamskiptum aðila þann 7. ágúst 2017, svo og af tölvupósti stefnanda til stefnda B frá 5. febrúar 2018.
- 75 Í tölvupósti stefnda B til stefnanda þann 7. ágúst 2017 segir stefndi meðal annars: „Það væri líka æðislegt að hafa við þig viðtal um þetta verkefni þitt og dagana eftir að þú komst út þar sem þú stóðst nánast á götunni, peningalaus og allslaus.“ Stefnandi svarar: „Og með viðtal, já það ætti að vera í lagi. Áttu við [...] eða eitthvað annað?“ Stefnandi heldur áfram: „..., ég er að tala um að fá þig í [...] þar sem við gætum rætt um hvað þú ert að gera og um þetta merkileg (sic) verkefni þitt sem vel gæti orðið að stórum hlutum. Um leið gæti ég líka spurt þig út í þessa fyrstu daga utan fangelsisins og líffið og tilveruna. Verkefnið gæti þó fengið gott pláss og orðið því til góða. Því meiri umfjöllun (sic), því

- betra.“ Viðbrögð stefnanda eru þessi: „já, já eigum við ekki bara að negla það niður.“ Stefndi segir að lokum: „Verð í bandi þegar við erum klárir.“
- 76 Viðtölin voru tekin upp í framhaldi af þessum samskiptum, þ.e. um miðjan ágúst 2017. Ekki er að sjá að frekari samskipti hafi átt sér stað á milli aðila fyrr en þann 5. febrúar 2018, er stefnandi sendi stefnda B tölvupóst.
- 77 Tölvupóst sinn frá 5. febrúar 2018 hóf stefnandi með því að hrósa stefnda B fyrir þátt hans og meðstefnda C, sem virðist hafa verið á dagskrá sjónvarps hinn 4. febrúar 2018. Hún heldur áfram og hefur eftir móður sinni að eitthvað [verði] notað af því sem hún hafi sagt í þáttunum og spyr hvenær [þetta] hafi annars átt að koma. Verður þetta orðalag ekki skilið öðruvísi en svo að spurning stefnanda lúti að því hvenær umrætt efni eigi að birtast opinberlega.
- 78 Framangreind orðaskipti á milli stefnanda og stefnda B styðja ótvírætt, annars vegar, að stefnanda hafi verið ljóst að tilgangur viðtalanna hafi verið að birta þau opinberlega í umræddum sjónvarpsþætti og, hins vegar, að viðtölin yrðu birt án þess að áður yrði sérstaklega leitað eftir samþykki hennar.
- 79 Telja verður að ella hefði stefnandi gert skýran áskilnað í tölvuskeytum sínum þann 7. ágúst 2017 um að hún væri ekki með orðum sínum að samþykka birtingu viðtala við hana, eða að minnsta kosti sett fyrirvara við samþykki sitt. Eins verður að ætla að stefnandi hefði hagað orðum sínum með öðrum hætti í póstinum þann 5. febrúar 2018, ef þá hefði legið fyrir að hún hefði áður gert skýran og afdráttarlausan fyrirvara um að ekki mætti sýna umrædd viðtöl nema með sérstöku samþykki hennar.
- 80 Hvað varðar það viðtal sérstaklega sem tekið var fyrir utan lögreglustöðina við Hverfisgötu í Reykjavík og ágreiningur er um, þá bera gögn málsins ekki með sér að stefnandi hafi kvartað yfir því við stefndu, óháð öllu öðru, eða greint það frá öðrum viðtölum, t.d. í áður nefndum tölvupósti sínum til stefnda B frá 5. febrúar 2018. Að því virtu og í ljósi fyrri samskipta aðila verður að ætla að stefnandi hafi verið samþykkt birtingu þess viðtals, með sama hætti og annarra viðtala.
- 81 Með hliðsjón af framangreindu verður að telja að stefndu hafi mátt hafa réttmætar væntingar um að stefnandi væri meðvituð um tilgang viðtalanna við hana og samþykkt því að þau yrðu birt opinberlega í umræddum sjónvarpsþætti, að minnsta kosti fram til 5. febrúar 2018. Af þeim sökum verður ekki talið að þörf hafi verið á því fyrir stefndu, eins og hér stóð á, að tryggja sér með sérstöku hætti staðfestingu stefnanda á því að hún væri samþykkt birtingu viðtala við sig í umræddum sjónvarpsþætti.

- 82 Í stefnu er því haldið fram að í áður nefndum pósti stefnanda til stefnda B frá 5. febrúar 2018 hafi, hvað sem öðru líði, falist skýr og afdráttarlaus afturköllun á samþykki hennar við því að viðtöl við hana yrðu birt í nefndum sjónvarpsþætti. Stefndu hafi því mátt vera ljóst, að minnsta kosti frá því tímamarki, að hún væri andvíg birtingu viðtalanna. Því andmæla stefndu.
- 83 Óháð öllu öðru virðist ljóst að pósturinn var aðeins sendur stefnda B og gæti því aldrei bundið aðra en hann, þar sem hvorki meðstefndi C né vitnið F, dagskrárstjóri sjónvarps hjá meðstefnda D, kannast við að hafa séð umræddan tölvupóst, eða að þeim hafi verið kunnugt um efni hans.
- 84 Í nefndum tölvupósti kemur annars fram að fjölskylda stefnanda sé fókvond út í hana fyrir að koma fram í þáttunum og spurt: „Er hægt að taka mig út úr þessu?“ Í þessu orðalagi felast vangaveltur stefnanda um það hvort mögulegt sé að klippa viðtöl við hana út úr umræddum sjónvarpsþætti. Af orðalaginu má einnig ráða að neikvæð viðbrögð fjölskyldu stefnanda séu undirrot þeirra vangaveltna, a.m.k. að meginstefnu til, fremur en að það sé afstaða stefnanda sjálfrar að vilja hætta við að koma fram í þættinum.
- 85 Ætla má af orðalagi fyrrnefnds tölvupósts stefnanda til stefnda B að stefnandi hafi ekki verið jafn viss um það og áður þann 5. febrúar 2018, einkum vegna viðbragða fjölskyldu sinnar, hvort hún ætti að koma fram í umræddum sjónvarpsþætti eða ekki. Ummæli stefnanda verða þó hvorki skilin á þann veg að með þeim hafi stefnandi afturkallað með skýrum og afdráttarlausum hætti samþykki sitt fyrir því að viðtöl við hana yrðu birt, né gefið skýr fyrir mæli um að stefndu væri óheimilt að birta viðtölin í nefndum sjónvarpsþætti. Önnur gögn málsins gefa ekki tilefni til þess að orð stefnanda í póstinum verði túlkuð rýmra en samkvæmt orðanna hljóðan.

- 86 Vitnið G, móðir stefnanda, sem viðstödd var þegar eitt af þremur viðtölum stefndu B og C við stefnanda var tekið upp, auk þess sem hún ræddi sjálf við þá um málefni stefnanda, bar fyrir dómi að hún hefði rætt símleiðis við stefnda C eftir að viðtölin höfðu verið tekin upp, að því er virðist til að óska eftir því að fá að sjá viðtölin áður en þau yrðu birt. Því hafi C hafnað. Sjálfur kannaðist C ekki við að hafa rætt við móður stefnanda.
- 87 Athyglisvert er, óháð öðru, að það virðist ekki hafa borið á góma í framangreindu símtali vitnisins G og stefnda C, samkvæmt frásögn vitnisins, að stefnandi, eða eftir atvikum vitnið sjálft, hefðu aðeins gefið samþykki fyrir því að viðtölin yrðu tekin upp, en ekki að þau yrðu birt án sérstaks samþykkis þeirra.
- 88 Símtalið virðist hafa snúist um það hvort unnt væri að fá að sjá efnið áður en það væri birt opinberlega. Ætla verður að símtalið hefði þróast á annan veg ef stefnandi, eða eftir atvikum vitnið sjálft, hefðu gert skýran áskilnað um að viðtölin yrðu ekki birt opinberlega nema með sérstöku samþykki þeirra. Þá virðist móðir stefnanda ekki hafa gert frekari reka að því að viðtal við hana yrði fellt út úr þáttunum, eða að tryggja með öðrum hætti að ekki kæmi til birtingar þess.
- 89 Þykir framangreint skjóta enn frekari stöðum undir þann skilning að ljóst hafi verið frá upphafi hver tilgangur viðtalanna hafi verið og að þau myndu birtast í þáttum stefndu, [...], eftir atvikum án frekari atbeina af hálfu stefnanda og móður hennar.
- 90 Af ummælum stefnda B í svarpósti meðstefnda C til [...] stefnanda, dags. 2. mars 2018, tveim dögum fyrir birtingu viðtalanna, má einnig ráða að stefndu hafi verið í góðri trú um að birting viðtalanna væri í góðri sátt við stefnanda og móður hennar, þrátt fyrir póst stefnanda frá 5. febrúar sama ár. Í því samhengi má meðal annars vísa til eftirgreindra orða stefnda í póstinum „*Audvitað veit ég að um viðkvæmt efni er að ræða en það er gert í fullu samkomulagi við þær mæðgur.*“
- 91 Þá verður einnig að horfa til þess að mati dómsins, að stefnanda gafst gott ráðrúm til að íhuga og endurskoða afstöðu sína og vilja, þar sem nokkur tími leið annars vegar frá fyrstu samskiptum aðila og þar til viðtöl við stefnanda voru tekin upp, í ágúst 2017, og hins vegar frá þeim tíma og þar til þau voru birt, í mars 2018. Ekki verður séð af gögnum málsins að hún hafi gert neinn reka að því að koma í veg fyrir birtingu umræddra viðtala, að undanskildum áður nefndum tölvupósti til stefnda B.

8

- 92 Að framangreindu virtu verður ekki séð að unnt sé að meta stefndu það til sakar, hvað þá til verulegs gáleysis, eins og áskilið er svo að um geti verið að ræða ólögmeta meingerð í skilningi b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, að hafa birt viðtöl við stefnanda í sjónvarpsþættinum [...] þann 4. mars 2018, viðtöl sem stefnandi hafði sjálfviljug mætt í og veitt þar upplýsingar af fúsum og frjálsum vilja um persónulega hagi sína, meðvituð um það í hvaða tilgangi viðtölin voru tekin.
- 93 Þá er ekki, meðal annars af framangreindum ástæðum, hægt að fallast á að birting viðtala við stefnanda í umræddum sjónvarpsþætti hafi brotið gegn ákvæðum 229. gr. almennra hegningarlaga, ákvæðum laga nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, 71. gr. stjórnarskrárinnar eða 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Eins verður hvorki séð að stefndu hafi brotið gegn tilgreindum ákvæðum siðareglna D né Blaðamannafélags Íslands með birtingu viðtala við stefnanda í nefndum sjónvarpsþætti, né heldur að stefndi D hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 23/2013, enda verður við það að miða að stefndu hafi verið í góðri trú um að samþykki stefnanda lægi til grundvallar birtingu viðtala við hana á sjónvarpsstöð stefnda D í mars 2018.

9

- 94 Í stefnu er að því fundið að stefndi D hafi birt á vefsíðu sinni, [...], þann 4. mars 2018 kynningu á sjónvarpsþættinum [...], þar sem meðal annars var fjallað um persónuleg málefni stefnanda, þ.m.t. að stefnandi hefði setið í fangelsi í nær þrjú ár, en flest brota hennar teldust nokkuð léttvæg. Stefnandi kveðst hvorki hafa veitt umræddar upplýsingar né samþykkt að þær yrðu birtar opinberlega.
- 95 Af framburði stefndu B og C var ekki annað að skilja en að þær upplýsingar sem fram hefðu komið í umræddum þætti hefðu verið frá stefnanda sjálfri komnar. Af hálfu stefnanda hefur aftur á móti verið

- fullyrt að þessar upplýsingar hafi ekki komið frá henni, en stefnandi gaf sem áður segir ekki skýrslu við aðalmeðferð málsins vegna veikinda.
- 96 Vitnið F, dagskrárstjóri sjónvarps hjá D, bar fyrir dómi að þær upplýsingar sem birtar voru á vef stefnda þann 4. mars 2018 hefðu verið unnar upp úr umræddum þætti og verið samantekt á því sem þar kom fram. Um kynningu hafi verið að ræða á efni þessa hluta þáttarins, sem framleiddur hafi verið til birtingar í sjónvarpi. Það hafi þar af leiðandi verið afstaða stefnda að búið væri að veita samþykki til birtingar þessara upplýsinga.
- 97 Ekki er óvarlegt að ætla að stefnandi hafi veitt stefndu B og C meiri upplýsingar við gerð umrædds sjónvarpsþáttar en einungis þær upplýsingar sem hún sést sjálf veita í þættinum. Verður við það að miða að stefndu hafi þannig haft aðgang að meiri upplýsingum en þeim sem stefnandi veitti berum orðum í mynd, þ.á m. upplýsingum um atriði sem texti B í þættinum byggðist á.
- 98 Þær upplýsingar sem fram komu í viðtölum við stefnanda, svo og á vefsíðu stefnda D, voru auk þess persónulegs eðlis og viðkvæmar. Vandséð er hvaðan þær upplýsingar hafi getað verið komnar, ef ekki frá stefnanda sjálfri eða aðilum sem stóðu henni nærri, eða eftir atvikum úr fyrri umfjöllun um hagi stefnanda á opinberum vettvangi, eins og ráða má af þættinum sjálfum.
- 99 Í umræddum þætti fór stefndi B með texta þar sem fram kom að áfengi og fíkniefni hefðu verið böf stefnanda. Þar kom sömuleiðis fram að stefnandi hefði setið í fangelsi í samtals þrjú ár og að flest brota hennar teldust nokkuð léttvæg. Þá var sömuleiðis vitnað í grein í [...], sem ekki liggur frammi í málinu, en sagt var að stefnandi hefði samið um vist sína innan fangelsis. Aðrar þær upplýsingar sem raktar voru í umræddri dagskrárkynningu á vef stefnda D voru með sama hætti endursögn á því sem fram kom í umræddum sjónvarpsþætti.
- 100 Að framangreindu virtu er ekki hægt að fallast á það með stefnanda að sú háttsemi stefnda D, eða starfsmanna þess, að birta umræddar upplýsingar í kynningarskyni fyrir birtingu umrædds sjónvarpsþáttar, hafi verið sagnæm eða að með henni hafi verið brotið gegn áðurnefndum laga- og siðareglum. Þvert á móti verður að fallast á skýringar vitnisins F, sem raktar voru hér að framan, enda verður ekki séð að stefndi hafi með kynningu sinni farið út fyrir efni umrædds sjónvarpsþáttar eða bætt einhverju við sem ekki kom þar fram.

10

- 101 Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið er ekki fallist á að háttsemi stefndu hafi verið sagnæm, hvað þá að þeir hafi viðhaft verulegt gáleysi eins og áskilið er til að um geti verið að ræða ólögmeta meingerð í skilningi b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Á sama hátt er ekki á það fallist með stefnanda að háttsemi stefndu hafi verið ólögmet, eða að orsakasamband sé á milli afleiðinga og háttsemi stefndu.
- 102 Engin gögn hafa verið lögð fram í máli þessu til stuðnings því að stefnandi hafi, á þeim tíma er umrædd viðtöl voru tekin, ekki verið hæf eða bær til að taka þær ákvarðanir sem þeim fylgdu, þ.m.t. að heimila að viðtöl yrðu tekin við hana til birtingar í umræddum sjónvarpsþætti. Þvert á móti verður að ætla af gögnum málsins, þ.m.t. tölvuskeytum sem stafa frá stefnanda, að stefnandi hafi verið vel fær um að taka ákvarðanir fyrir sína hönd, þrátt fyrir þá erfiðleika sem hún hefur gengið í gegnum.
- 103 Að því virtu verður ekki séð að skilyrði sakarreglunnar eða b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga hafi verið uppfyllt, eins og hér stendur á. Eru stefndu því sýknaðir af kröfum stefnanda.
- 104 Rétt þykir að hver aðili beri sinn kostnað af málinu, sbr. 3. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála.
- 105 Stefnanda var veitt gjafsóknarleyfi hinn 7. janúar 2020. Allur gjafsóknarkostnaður málsins, þ.m.t. þóknun lögmanns stefnanda að fjárhæð 2.000.000 króna, greiðist úr ríkissjóði samkvæmt 1. og 2. mgr. 127. gr. laga um meðferð einkamála.
- 106 Af hálfu stefnanda flutti málið Guðbrandur Jóhannesson lögmaður.
- 107 Af hálfu stefndu B og C flutti málið Eva Bryndís Helgadóttir lögmaður.
- 108 Af hálfu stefnda D flutti málið Stefán A. Svansson lögmaður.
- 109 Jóhannes Rúnar Jóhannsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

**Dómsorð:**

Stefndu, B, C og D, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður málsins, þ.m.t. þóknun lögmanns stefnanda að fjárhæð 2.000.000 króna, greiðist úr ríkissjóði.